

Sameiginlegar reglur fjármálafyrirtækja um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja

Endanleg útgáfa – kynntar á opnum fundi 3. mars 2010

1. Inngangur

Reglur þessar eru settar í samræmi við 3. gr. laga nr. 107/2009 um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins og skulu gilda til jafnlengdar því ákvæði laganna. Reglurnar eiga við lögmatar kröfur fjármálafyrirtækja, þ.e. kröfur sem njóta réttarverndar að íslenskum eða alþjóðlega viðurkenndum lögum. Telji lántaki kröfu fjármálafyrirtækis ólögmeta eða óréttmæta skal hann beina ítarlegum rökstuðningi með málsástæðum sínum til viðkomandi fjármálafyrirtækis. Sé niðurstaða fjármálafyrirtækis að krafan sé óréttmæt eða ólögmet skal fella kröfuna niður að því leyti sem við á. Fjármálafyrirtækin hafa reglurnar til viðmiðunar við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja til að tryggja samræmi í vinnubrögðum við úrvinnslu mála. Reglurnar taka mið af þeim sjónarmiðum sem fram koma í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 107/2009 um jafnræði og gegnsæi við meðferð einstakra mála, auk hinnar almennu kröfu um heilbrigða og góða viðskiptahætti.

Markmið vinnu við endurskipulagningu fyrirtækja er að hámarka endurheimtur fjármálafyrirtækja, en höfð er hliðsjón af þeim skilyrðum og sjónarmiðum sem lýst er í reglum þessum og lögum nr. 107/2009.

Samhliða þessum reglum vinna fjármálafyrirtæki í samræmi við önnur lög sem um starfsemi þeirra gilda, sbr. lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998 og fleiri lög. Á grunni þeirra laga hafa síðan öll fjármálafyrirtæki sem þessar reglur varða sett sér innri lána- og afskriftareglur sem fjalla um framkvæmd og ákvarðanatöku í einstökum lánamálum. Auk þess þurfa fjármálafyrirtæki í starfsemi sinni að fylgja almennum lögum eins og samkeppnislögum, 44/2005, lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, nr. 77/2003 og lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006.

2. Skilyrði fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu

Að neðan eru talin þau skilyrði sem fyrirtæki þarf almennt að uppfylla til að eiga kost á fjárhagslegri endurskipulagningu. Með fjárhagslegri endurskipulagningu er hér átt við það þegar endurskipulagning kann að leiða til eftirgjafar skulda eða annarra ívilnana frá gerðum samningum:

- 2.1. Endurheimtur krafna fjármálafyrirtækis verði betri eftir endurskipulagningu á skuldum fyrirtækis en við upplausn þess að mati fjármálafyrirtækis.
- 2.2. Fyrirtæki geti sýnt fram á að sjóðstreymi standi undir greiðslu á skuldum eftir endurskipulagningu. Við mat á fjárhæð skulda eftir endurskipulagningu verði höfð hliðsjón af væntri greiðslugetu, heildarvirði og eignavirði fyrirtækis .
- 2.3. Traust og trúnaður þarf að ríkja í viðskiptasambandi fyrirtækis og fjármálafyrirtækis. Í því sambandi er m.a. horft á viðskiptasögu fyrirtækisins, eigenda þess og stjórnenda.
- 2.4. Fyrirtækið sýni vilja til samvinnu og veiti fjármálafyrirtæki allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta grundvöll fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu.
- 2.5. Fyrirtæki veiti fjármálafyrirtæki heimild til að vinna fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækis í samvinnu við aðra kröfuhafa, þegar við á.
- 2.6. Fyrirtæki veiti fjármálafyrirtæki heimild til að framkvæma áreiðanleikakönnun á fyrirtækinu ef ástæða þykir til.
- 2.7. Ekki þyki líklegt að aðrir kröfuhafar muni krefjast gjaldþrotaskipta á fyrirtækinu.

3. Mat á fyrirtæki

Þegar kannað er hvort skilyrði fjárhagslegrar endurskipulagningar séu uppfyllt leggur fjármálafyrirtæki mat á ýmsa þætti sem snúa að rekstri, stjórnun, efnahag og rekstrarumhverfi fyrirtækisins m.a.:

- 3.1. Eignir og skuldir þar sem m.a. er lagt mat á:
 - 3.1.1. Verðmæti trygginga og helstu eigna fyrirtækis.
 - 3.1.2. Möguleika á hagræðingu, t.d. hvort selja megi óarðbærar eignir
 - 3.1.3. Skuldir og skuldbindingar fyrirtækisins, þ.m.t. ábyrgðir
 - 3.1.4. Tryggingastöðu fjármálafyrirtækis, þar sem m.a. er lagt mat á líftíma eigna og veða sem standa að baki skuldum
- 3.2. Greiðslugetu þar sem m.a. er lagt mat á:
 - 3.2.1. Rekstraráætlun, sjóðsstreymi og lykilorsendur.
 - 3.2.2. Áætlun um hagræðingu, t.d. hvort draga megi úr rekstrarkostnaði.
- 3.3. Verðmæti fyrirtækis með hliðsjón af áætluðu sjóðstreymi.
- 3.4. Orðsporsáhættu fyrirtækis og fjármálafyrirtækis af fjárhagslegri endurskipulagningu.
- 3.5. Tengdir aðilar eru metnir heildstætt eftir því sem við á.

4. Mat á áframhaldandi þátttöku eigenda og stjórnenda fyrirtækis

Við mat fjármálafyrirtækis á áframhaldandi þátttöku eigenda og stjórnenda í rekstri fyrirtækja eftir fjárhagslega endurskipulagningu er einkum horft til viðskiptasögu þeirra, samstarfsvilja við hina fjárhagslegu endurskipulagningu og þýðingu þeirra fyrir framtíð fyrirtækja. Við mat á þessum þáttum er m.a. horft til eftirfarandi atriða:

- 4.1. Við mat á viðskiptasögu eigenda og stjórnenda er m.a. horft til eftirfarandi þátta:
 - 4.1.1. Hefur almennt verið staðið við samninga viðskiptavinar og fjármálafyrirtækis?
 - 4.1.2. Hefur upplýsingagjöf almennt verið góð?
 - 4.1.3. Hafa arðgreiðslur og launagreiðslur verið í takt við rekstrarforsendur?
 - 4.1.4. Er rekstrarsaga fyrirtækisins góð þrátt fyrir fjárhagslega erfiðleika?
 - 4.1.5. Hafa samningar og lög verið brotin við meðferð og sölu eigna fyrirtækis?
- 4.2. Við mat á samstarfsvilja við framkvæmd endurskipulagningar er m.a. horft til eftirfarandi þátta:
 - 4.2.1. Hafa allar nauðsynlegar upplýsingar verið veittar?
 - 4.2.2. Hefur fyrirtækið stuðlað að samstarfi kröfuhafa þar sem við á?
 - 4.2.3. Ríkir almennt traust milli aðila?
- 4.3. Við mat á því hvort þátttaka eigenda og stjórnenda bætir endurheimtur skulda er m.a. horft til eftirfarandi þátta:
 - 4.3.1. Hafa þeir færni og / eða þekkingu sem er verðmæt viðkomandi rekstri?
 - 4.3.2. Hafa þeir viðskiptasambönd sem eru rekstrinum dýrmæt?
 - 4.3.3. Eru þeir handhafar leyfa sem eru rekstrinum verðmæt?
 - 4.3.4. Er staða þeirra samkvæmt samningum slík að endurheimtur fjármálafyrirtækis verði lakari án þeirra?
 - 4.3.5.

5. Skilmálar samninga við endurskipulagningu

Í tengslum við samninga um fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækis kann fjármálafyrirtæki að gera kröfur um frekari skilmála og kvaðir á fyrirtæki eftir því sem við á. Þessir skilmálar geta t.a.m. falist í:

- 5.1. Krafa um eiginfjárframlag eigenda til rekstursins og / eða til niðurgreiðslu á skuldum fyrirtækis við fjármálafyrirtæki.
- 5.2. Arðgreiðslubann og takmarkanir á úttektum eigenda.
- 5.3. Takmarkanir á launagreiðslum og öðrum hlunnindum eigenda og stjórnenda.
- 5.4. Takmarkanir á breytingu á stjórn fyrirtækis eða tilgangi þess án samþykkis fjármálafyrirtækis.
- 5.5. Krafa um auknar tryggingar fyrir skuldum fyrirtækisins, m.a. í eignum félagsins og sjóðstreymi og/eða eignarhlut eigenda í fyrirtæki.
- 5.6. Heimild til að skipa fyrirtæki tilsjónarman, ráðgjafa og/eða óháðan stjórnarmann.
- 5.7. Krafa um reglulega upplýsingagjöf um rekstur, efnahag og sjóðstreymi.
- 5.8. Krafa um að skuldum sé breytt í eigið fé og/eða fjármálagerningar gefnir út með breytirétti í hlutafé.

6. Aðferðarfræði og sjónarmið

Aðferðarfræði við endurskipulagningu skulda mun öðru fremur taka mið af viðskiptalegum og samkeppnislegum sjónarmiðum ásamt kröfum um gegnsæi.

- 6.1. Taka skal tillit til samkeppnislegra áhrifa endurskipulagningar fyrirtækis samkvæmt álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 frá 12. nóvember 2008. Í því sambandi skal m.a. leitast við að velja þá leið við endurskipulagningu sem eflir samkeppni eða raskar henni minnst. Ekki skal vikið til hliðar augljósum hagsmunum fjármálafyrirtækis af því að hámarka verðmæti, tryggja hagsmuni fjármálafyrirtækja og vinna hratt að úrlausn mála.
- 6.2. Meðan á vinnu við lausn á skuldavanda fyrirtækja stendur kann að reynast nauðsynlegt að halda áfram innheimtu skulda til að gæta hagsmuna fjármálafyrirtækis. Með innheimtu er átt við innheimtu samkvæmt innheimtulögum nr. 95/2008 eða löginheimtu samkvæmt réttarfarslögum.
- 6.3. Ekki er gert ráð fyrir því að niðurfelling skulda breyti neikvæðri eiginfjárstöðu fyrirtækja í jákvæða. Á hinn bóginn er henni ætlað að styrkja efnahag fyrirtækja til lengri tíma.
- 6.4. Fjármálafyrirtæki leitast við að hafa verklag eins gegnsætt og völ er á. Í því felst að allar ákvarðanir um skuldbreytingar og breytingar á skilmálum skulu fara í gegnum nákvæmlega skilgreint ferli hjá kröfueigendum og skal bókað sérstaklega um allar ákvarðanir og þær varðveittar hjá kröfueiganda. Fara verður eftir sambærilegu ferli og gildir um lánveitingar og tryggja þarf hlutlægni við ákvarðanatöku.
- 6.5. Þar sem fyrirsjáanlegt er að greiðslugeta sé engin eða mjög takmörkuð verður þannig ekki séð að önnur úrræði séu tæk en að leita fullnustu í eignum lántaka.

7. Helstu gögn við mat og úrvinnslu mála

Áður en fjárhagsleg endurskipulagning á sér stað þá gerir fjármálafyrirtæki kröfu um eftirfarandi upplýsingar og gögn eftir því sem við á:

- 7.1. Staðfestar og/eða endurskoðaðar upplýsingar um rekstur, efnahag og sjóðstreymi fyrirtækis síðustu ára með skýringum.
- 7.2. Fjárhagsáætlun fyrir næstu 3-5 árin sem sýnir áætlaðan rekstrar- og efnahagsreikning og sjóðstreymi, ásamt sögulegum rekstrartölum. Einnig yfirlit yfir helstu áhrifaþætti og forsendur áætlana.
- 7.3. Sundurliðað yfirlit yfir skuldbindingar fyrirtækisins, þ.m.t. skuldir við fjármálafyrirtæki, aðra lánadrottna og opinbera aðila, eignarleigusamninga og ábyrgðir fyrirtækis og eiganda þess.

- 7.4. Fjárfestingaáætlun þar sem skilgreindar eru þær fjárfestingar sem eru fyrirtækinu nauðsynlegar til að viðhalda áframhaldandi starfsemi og ná áætluðum árangri.
- 7.5. Upplýsingar um viðskiptasamninga, viðskiptasambönd og tekjuskiptingu, einkum sérþekkingu eða einkaleyfi.
- 7.6. Skipurit fyrirtækisins og upplýsingar um stjórnendur.
- 7.7. Upplýsingar um tengd félög/fyrirtæki og viðskipti við tengda aðila, þar meðtaldar ábyrgðir.
- 7.8. Yfirlit yfir helstu rekstartengdar eignir.
- 7.9. Aldursgreindan lista yfir viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir, ásamt mati á endurheimtum og stöðu innheimtu.
- 7.10. Aldursgreindar birgðir og endurmetið virði þeirra.
- 7.11. Veðbókarvottorð eigna, fastafjármuna og lausafjármuna og uppreiknuð staða allra veðskulda.
- 7.12. Upplýsingar um breytingar á framsetningu reikningsskila.
- 7.13. Ákvarðanir um viðskiptasamninga og tryggingar sem hafa verið teknar á síðustu tveimur árum.
- 7.14. Upplýsingar um hvort fyrirtækið standi í málaferlum.
- 7.15. Aðrar upplýsingar sem að mati fjármálafyrirtækis eru taldar skipta máli við mat á grundvelli fjárhagslegrar endurskipulagningar.

8. Söluferli eigna

Fjármálafyrirtæki getur þurft að taka yfir eignarhlut í fyrirtæki að hluta eða öllu leyti í þeim tilgangi að tryggja fullnustu eigna fjármálafyrirtækisins eða sem þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækis. Ávallt er þó stefnt að fjárhagslegri endurskipulagningu án yfirtöku. Komi til yfirtöku hafa fjármálafyrirtæki hliðsjón af eftirfarandi sjónarmiðum við sölu yfirtekinna eigna, eftir því sem við á:

- 8.1. Stefnt er að því að selja eignarhluti í fyrirtækjum eins fljótt og hagkvæmt er.
- 8.2. Eignaumsýslufélag eða fjármálafyrirtæki halda utan um söluferli eigna, eftir atvikum, í samræmi við 21. og 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2004, þar sem er m.a. lýst tímabundnum heimildum banka til eignarhalds fyrirtækja í atvinnurekstri.
- 8.3. Stefnt skal að opnu og gagnsæju söluferli og jafnræðis meðal fjárfesta.
- 8.4. Í einhverjum tilvikum kunna hagsmunir fyrirtækis og fjármálafyrirtækis að kalla á lokað útboð eða annars konar fyrirkomulag á sölu eigna, t.d. vegna ákvæða hluthafasamkomulags eða samþykka um forkaupsrétt, sjónarmiða annarra eigenda, kröfuhafa eða eigenda viðskiptaleyfa, þegar áætlað söluverðmæti réttlætir ekki kostnað við opið útboð eða vegna annarra augljósra hagsmuna fyrirtækis eða fjármálafyrirtækis.
- 8.5. Ákvörðun um sölu á eignarhlut fjármálafyrirtækis og aðferð við sölu skal rökstudd og skráð eins og aðrar ráðstafanir tengdar fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja.
- 8.6. Við sölu eigna verður höfð hliðsjón af álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008 frá 12. nóvember 2008 og umræðuskjali Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2009 um banka og endurskipulagningu fyrirtækja, sbr. lið 6.1 í þessum reglum.